# *Velkomin á SIÐAMEISTARANÁMSKEIÐ*

# Siðameistari er í einu af mikilvægustu hlutverkum klúbbsins



# AÐ SKAPA ELDMÓÐ OG GÓÐAN FÉLAGSANDA Á FUNDUM.

- **Þið eruð líklega meðvituð um að ein helsta ástæðan fyrir því að við missum félaga eru langir og leiðinlegir fundir.  Það er auðvitað undir formanni og stjórn komið að sjá til þess að fundirnir séu fræðandi og áhugaverðir.**
- **Hins vegar er siðameistari einnig ábyrgur fyrir því að hver fundur sé uppbyggjandi og skemmtilegur.**
- **Hér að neðan eru nokkrar tillögur að verkefnum til að auka eldmóð og góðan félagsskap á fundum.  Ég er viss um að þið munuð koma með enn fleiri hugmyndir.**
- **Við missum líka félaga vegna skorts á þátttöku og skorti á viðurkenningu og aftur munum við sjá að siðameistarinn getur komið til bjargar.**

# SÆTASKIPAN

- Gakktu úr skugga um að þeir sömu sitji ekki alltaf saman.  Það eru nokkrar leiðir til að sigrast á þessu vandamáli:

1. Láta alla draga um sæti, t.d. nota spil, númer, myndir

2. Notaðu spilastokk og láttu alla velja spil þegar þau koma inn í herbergið.   Hafa skilti á borðunum og allir "ásarnir" sitja saman við þetta borð, allir "tvistar„…

3. Önnur leið er að hafa númeraða miða á hverjum stað og láta draga tölu á leiðinni inn.  Þar sitja þeir þetta kvöld.

# VIÐURLÖG

- Að svara í farsíma, senda skilaboð eða hringja
- Að bera ekki Lionsmerki á fundum
- Óstundvísi
- Lítil sekt gæti fengið þá til að hugsa sig tvisvar um áður en þeir gera það aftur.

# AÐ LEGGJA Á OG INNHEIMTA SEKTIR

- Í sumum klúbbum gengur siðameistarinn einfaldlega um og safnar peningum - í sumum tilfellum án þess að gefa upp ástæðu fyrir sekt.

- Hlutverk siðameistarans er ekki að safna peningum – heldur að skapa ánægju og góðan félagsskap, stuðla að sátt og verðlauna sérstaka viðleitni.

- Það er bónus ef einhverjir fjármunir bætast inn á félagasjóðinn í lok fundarins – en öfugt við það sem almennt er talið, þá er það ekki megintilgangur siðameistarans.

# VIRKJA FÉLAGANA

- Verum meðvituð um að öllum líði vel – passi inn í hópinn – að tryggja að öllum, sérstaklega nýjum félögum, finnist þau vera hluti af klúbbnum.

- Siðameistarinn hefur tækifæri til að fá nýja eða óframfærna félaga til að taka þátt.

- Af og til skaltu „fá aðstoð" nýja félagans eða þess sem hefur sig lítið í frammi, fyrir kvöldið og láta viðkomandi aðstoða þig við innheimtu sekta o.s.frv.

# VERÐLAUNA OG HRÓSA

- Munum að verðlauna/hrósa fyrir það sem hefur verið gert.

  - Ef einhver hefur tekið eitthvað extra að sér
  - Merkisafmæli
  - Góður árangur í Lions starfinu
  - Fjölgun félaga/meðmælandi
  - Stundvísi
  - …….

# HUGSANLEGA Í STJÓRN

- **Það er undir klúbbnum þínum komið hvort siðameistarinn sitji í stjórn klúbbsins. Þetta er valfrjálst samkvæmt LCI**
- **Siðameistari getur verið skipaður eða kjörinn.**
- **Viðkomandi gæti sinnt starfinu í eitt ár – eða nokkur ár – aftur, það er undir klúbbnum komið**
- **Æskilegt er að stjórn skipi varasiðameistara ár hvert**

# SKIPULEGGÐU FRAM Í TÍMANN

- **Eins og góður formaður, sem skipuleggur dagskrána fyrir veturinn, verður siðameistari einnig að undirbúa sig fyrir starfið.**



# Hvað getur góður siðameistari gert til að létta fundina:

# Hópavinna/hugmyndir

# VERKFÆRI

- • Það eru hundruðir vefsíðna til með almennum heilaþrautum, spurningum, og svo framvegis

- • Margskonar spil geta verið góð, sum eru með vísum, spakmælum og allskonar

# SPURNINGALEIKIR/SKYNDIPRÓF

- • Spurningar um Lions eru líka góð leið til að fræða.   Spurningar eins og
  - "Hvenær varð LCIF til?"
  - "Hver er afmælisdagur klúbbsins okkar?"
  - "Hvenær kom Lions til Íslands?"
  - "Hvar verður alþjóðaþingið?"
  - "Hver er umdæmisstjórinn okkar?"
  - "Hvaða klúbbi tilheyrir hann/hún?

  " …

  Lionsblaðið er góður staður til að finna upplýsingar.

# MYNDIR

- **Fáðu barna-, skóla- eða brúðkaupsmyndir frá eins mörgum og mögulegt er. Skannaðu, númeraðu og sýndu á skjá. Félagarnir fá lista með tölum á. Þeir verða að skrifa hverjir þeir halda að séu á myndunum við hliðina á viðeigandi númeri.**

- **Taktu andlitsmyndir og sýndu svo bara augun – aftur fá félagarnir blað með tölum og skrifa niður nöfnin ef þau þekkja "augun" með viðeigandi númeri.**

- **Finndu myndir frá starfinu, - ungmennabúðum, verkefnum, o.s.frv. og haltu keppni til að sjá hver getur nefnt flesta staðina eða hvaða klúbbur. Skemmtilegt og fræðandi.**

# LEIKIR

- **VINSTRI, HÆGRI OG YFIR.**

  **Vertu með litla, innpakkaða, óbrjótanlega gjöf. Lestu sögu/texta, þegar orðið "vinstri" er notað, er gjöfin send til vinstri, þegar orðið "hægri" er notað, er gjöfin send til hægri og þegar "yfir" er nefnt, er gjöfin send yfir á næsta borð. Í lok sögunnar fær sá sem heldur á gjöfinni að halda henni.**

# AÐ SEKTA/SAFNA Í FÉLAGASJÓÐINN

- **Fjarlægðu borðbúnaðinn af borðinu – og "seldu" hann aftur til félaganna þegar máltíðin er borin fram.**

- **Hafðu orð mánaðarins skráð í fundarboðið eða á Facebook klúbbsins. Hver sá sem notar orðið á fundi í þeim mánuði er sektaður.**

- **Einnig er hægt að hafa einkennisklæðnað fyrir tiltekinn fund (t.d. að vera í bláu, vera í brúnum buxum, ósamræmdum sokkum…) Og hver sá sem ekki fylgir þessu er sektaður.**

- **Settu þá reglu í upphafi kvölds að ekki megi nota fornöfn.  Allir sem nota fornafn eru sektaðir.**

# AÐ GERA

- Undirbúðu þig fyrir fundinn
- Settu þér tímamörk, 2-10. mínútur
- Framkallaðu grín og hlátur
- Vertu hreyfanlegur á fundum
- Vertu áhugasamur – brostu/hlæðu
- Heilsaðu og bjóddu gesti velkomna
- Vertu fjölbreyttur í starfi þínu
- Ýttu undir glens og grín frá öðrum
- Talaðu hátt og skýrt
- Vertu miðpunktur athyglinnar, en haltu virðingu þinni og félaganna
- Þekktu félagana og vertu málefnalegur
- Góður siðameistari veit hvenær á að hætta

# EKKI GERA

- Ekki móðga neinn
- Viðhafðu kurteisi
- Ekki gera neitt að persónulegu máli
- Ekki sekta gesti, sem ekki eru Lionsfélagar
- Ekki bara segja brandara
- Ekki trufla fyrirlesara eða aðra sem eru að halda ræðu
- Ekki taka þig of alvarlega
- Ekki taka sama félagann alltaf fyrir
- Láttu engum líða óþægilega
- Láttu engum finnast hann/hún óvelkominn

# HVENÆR

- **ER HÆGT AÐ SEKTA SIÐAMEISTARANN? Aðeins með atkvæði allra viðstaddra**

- **ER HÆGT AÐ SEKTA GESTI? Ekki ef þeir eru ekki í Lions og almennt ekki**

- **HVENÆR ER BESTI TÍMINN? Ræddu það við formanninn fyrir fundinn. Það getur verið fyrir máltíð eða eftir**

# HVERNIG VEIT ÉG AÐ MÉR HEFUR TEKIST VEL TIL?

- **Með viðeigandi uppátækjum eða leikjum**
- **Með því að nota sektir, refsingar eða viðurkenningar á skemmtilegan hátt**
- **Standa fyrir glensi og gamanmálum sem uppskar gleði**
- **Vera undirbúinn fyrir hvern fund**
- **Hef kallað fram hlátur**

# Hugmyndir

- Skrifa eitthvað þrennt um sig en aðeins eitt atriðið er rétt fá svo félagana til að giska hvaða frásögn er sú rétta
- Fela miða eða afhenda einhverjum sem á að lesa upp. t.d. vísur, einnig til spil með ýmiskonar speki
- Biðja alla að skrifa eina setningu á miða og raða svo saman í sögu
- Hafa þema á fundum, t.d. litaþema, gulur í september, bleikur í október, þorrinn, jólin, sumar, haust
- Segja létta brandara
- Minni karla og kvenna
- Siðameistari hafi litla bjöllu sem hann einn notar þegar þarf
- Standa upp ef mikill kliður er og gefa gott hint
- Sekta með því að viðkomandi segi t.d. brandara á næsta fundi
- Skipa einn félaga til að ljúka næsta fundi með einhverju gamanmáli
- Siðameistari sitji stjórnarfundi
- Gögn um hlutverk Siðameistara fari áfram til þess sem tekur við embættinu

***Takk fyrir***